

## SÉRTÆKIR SKILMÁLAR UM TOK Í ÁSKRIFT

### Inngangur

Hér á eftir fara skilmálar þeir sem gilda um notkun og aðgang að TOK í áskrift. Um þjónustuna gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar Advania hf., leyfisskilmálar Microsoft Corporation vegna Microsoft Dynamics NAV, skilmálar vegna Skeytamiðlunar og skilmálar vegna aðgangs að þjóðskrá. Skilmálar þessir teljast sértækir viðskiptaskilmálar gagnvart almennum viðskiptaskilmálum Advania.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum. Fjallað er nánar um slíkar breytingar í grein 11 hér að neðan.

Skilmálar eru gefnir út þann 13. maí 2015 og gilda frá þeim degi.

### 1. Um TOK í áskrift

TOK í áskrift er þjónusta sem veitir áskrifendum aðgang í gegnum sameiginlega skýjalausn að bókhaldskerfinu TOK sem byggir á bókhaldskerfinu Microsoft Dynamics NAV.

### 2. Skilgreiningar

**Áskrifandi:** Með hugtaki þessu er átt við aðila sem keypt hafa aðgang að TOK í áskrift.

**EULA:** Með hugtaki þessu er átt við End User License Agreement vegna Microsoft Dynamics NAV.

**Hugbúnaðurinn:** Með þessu hugtaki er átt við TOK.

**Kerfið:** Með hugtakinu kerfið er átt við TOK í áskrift.

**Notandi:** Með hugtakinu notandi er átt við hvern þann einstakling sem notar erfið.

**Skilmálar:** Með hugtakinu skilmálar er átt við skilmála þessa.

**TOK:** Bókhaldskerfi sem byggir á Microsoft Dynamics NAV og inniheldur sérkerfi frá Advania sem hönnuð hafa verið fyrir Microsoft Dynamics NAV.

### 3. Hugbúnaðarleyfi

Með kaupum á TOK í áskrift felst réttur til notkunar á hugbúnaðinum og fá áskrifendur aðgang að nýjustu útgáfu hans hverju sinni. Í áskriftinni felst einungis réttur til notkunar á kerfinu.

### 4. Áskrift

Aðgangur að kerfinu er selt í áskrift og ákvarðast verð miðað við fjölda notanda, tegund áskriftarleidda og viðbótar sérkerfa sem óskað er eftir. Aðgangurinn miðast alltaf við einn mánuð í senn og skal hann greiddur fyrirfram.

Í hverri áskriftarleidd er innifalinn tiltekinn fyrirfram ákvörðuð þjónusta. Viðskiptavinur getur hvenær sem er óskað eftir að skipta um áskriftarleidd. Óski viðskiptavinar eftir að fara upp um áskriftarflokk tekur slík breyting gildi strax. Óski viðskiptavinar eftir að fara niður um áskriftarflokk eða að fækka notendum er litið á slíka breytingu sem uppsögn að hluta og fara um þær sömu reglur og um uppsögn á samningnum.

Advania áskilur sér rétt til þess að breyta þeim áskriftarleiddum sem í boði eru án fyrirvara. Þeir sem þegar hafa keypt áskriftarleidd sem breytt er verður tilkynnt um breytingar og taka slíkar breytingar gildi gagnvart áskrifanda mánaðamótin eftir að tilkynnt er um þær.

### 5. Önnur þjónusta

Fyrir alla þjónustu við kerfið, hvort sem um er að ræða uppsetningu, prófanir, viðgerðir sem ekki eru vegna bilana á ábyrgð Advania eða annars konar þjónustu sem viðskiptavinur kann að óska eftir af hálfu Advania, skal vera greitt fyrir samkvæmt gjaldskrá. Um alla slíka þjónustu fer samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum Advania.

### 6. Uppsögn

Uppsagnarfrestur á áskrift er 4 mánuður og hefst uppsagnarfrestur við mánaðamótin eftir að uppsögn berst. Uppsögn skal vera skrifleg og berast með sannanlegum hætti.

### 7. Búnaður áskrifanda

Búnaður áskrifanda þarf að uppfylla þær kröfur sem Advania setur fram hverju sinni til þess að hægt sé að keyra kerfið. Upplýsingar um hverjar

þær kröfur eru á hverjum tíma má finna á vefslóðinni <http://www.advania.is/hugbunadur-og-lausnir/vidskiptalausnir/tok-bokhald/spurt-og-svarad/>

### 8. Notendaupplýsingar

Notendanafn, lykilorð og aðrar samskiptaupplýsingar sem notandi kann að láta Advania í té teljast til „aðgangsupplýsingar“ notanda.

Réttur notanda til að fá aðgang að og nota þjónustuna er einstaklingsbundinn og notanda er ekki heimilt að flytja þann rétt til annars manns eða lögaðila. Þannig er notanda ekki heimilt að heimila öðrum aðilum að nota aðgang sinn að kerfinu.

Notandi skilur og samþykkir að hann/hún sé ábyrg(ur) fyrir því að tryggja leynd lykilorðsins sem gerir notanda kleift, ásamt notendanafni, að fá aðgang að kerfinu. Ef notandi verður á einhvern hátt var/vör við að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar sínar, samþykkir notandi að láta Advania strax vita með því að senda tölvupóst á [advania@advania.is](mailto:advania@advania.is).

### 9. Varðveisla gagna og aðrar skyldur við lok samnings

Advania varðveitir ekki gögn viðskiptavinar eftir að áskrift er sagt upp eða lýkur með öðrum hætti. Hvíli skylda á viðskiptavini að varðveita gögn á grundvelli ákvæða laga eða samninga, eins og t.d. varðveisla bókhaldsgagna á grundvelli laga um bókhald, skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að varðveita sjálfur eintök af þeim gögnum.

Við lok áskriftar getur viðskiptavinur óskað eftir afriti af gögnum, gegn greiðslu í samræmi við almenna gjaldskrá eins og hún stendur á hverjum tíma. Slík ósk þarf að berast eigi síðar en 30 dögum eftir að áskrift lýkur.

### 10. Ábyrgðartakmarkanir

Til viðbótar því sem fram kemur í þessum skilmálum gilda um ábyrgð á kerfinu EULA og almennir viðskiptaskilmálar Advania.

Áskrifendur skrá sig og nota þær þjónustur sem í boði eru á á eigin ábyrgð. Advania ábyrgist ekki að tiltekinn árangur náist af notkun á hugbúnaðinum.

Advania áskilur sér rétt til rjúfa aðgang í tilvikum þar sem um nauðsynlegt viðhald á umhverfi er að ræða eða um uppfærslu kerfis. Advania mun upplýsa um viðhaldsvinnu með að minnsta kosti 48 tíma fyrirvara. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem slíkt kann að valda nema tjóni sé að rekja til stórkostlegs gáleysis eða saknæmrar háttsemi af hálfu Advania.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við vefsvæði, vafra eða stýrikerfi notanda eða tölvukerfi, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í kerfinu geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana, villna í gögnum eða truflana í rekstri tölvukerfa.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði áskrifanda eða notanda eða af öðrum orsökum sem kunna að valda því að upplýsingar vistaðar í kerfinu eru ekki réttar eða að notandi nái ekki að tengjast þjónustunni.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila.

Upp geta komið tilvik sem valda því að aðgangur að áskriftinni rofnar, t.d. vegna vélbúnaðarbilana, tæknilegra bilana eða hugbúnaðarvillna. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til slíkra utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga, rof hjá veituaðila o.þ.h.

### 11. Brot á skilmálum og lögbrot

Verði áskrifendur uppvísir að brotum á þessum skilmálum, misnotkun á kerfinu eða hegða sér á þann hátt að augljóst er að viðkomandi getur ekki eða ætlar ekki að uppfylla ákvæði þessa skilmála er Advania hvenær sem er, og án fyrirvara, heimilt að loka aðgangi slíks aðila að hugbúnaðinum og eftir atvikum eyða honum. Í slíku tilfalli verður áskrifanda send tilkynning þess efnis með pósti á skráð heimilisfang áskrifanda og tölvupósti á skráð netfang áskrifanda.

Ef grunur vaknar að um lögbrot sé að ræða þá áskilur Advania sér rétti til að tilkynna slíkt til yfirvalda.

### 12. Breytingar á skilmálum

Advania kann að breyta þessum skilmálum af og til. Komi til breytinga verður notanda gefin(n) kostur á að samþykkja breytta skilmála. Samþykki

fyrir uppfærðum skilmálum er skilyrði fyrir áframhaldandi notkun hugbúnaðarins. Ef notandi kýs að samþykkja ekki breytta skilmála mun notandi ekki lengur geta skráð sig inn á vefsvæði hugbúnaðarins og verður áskrifanda þá gefin(n) kostur á að loka aðgangi umrædds notanda.

### 13. Lög og varnarþing

Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara verður dæmt ógilt, ólöglegt eða óháft til fullnustu, dregur það ekki á neinn hátt úr gildi, lögmæti eða fullnustuhæfi annarra ákvæða skilmálanna.

Ágreining um skilmála þessa skulu Advania og viðskiptavinur leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.